



Hafnarfirði, í október 2012

Vorið 2011 hófst gott og mikilvægt samstarf Sjúkraþjálfarans ehf. við leikskóla Hafnarfjarðarbæjar. Bænum var veittur styrkur frá velferðarráðuneytinu sem gerði m.a. sjúkraþjálfurum kleift að veita vissum börnum sjúkraþjálfunarmeðferð í leikskólanum. Í flestum tilvikum hefur þjálfunin farið fram tvisvar í viku, einu sinni í leikskólanum og einu sinni á stofu sjúkraþjálfarans. Að auki var styrkurinn nýttur til að fá fagaðila, s.s. sjúkraþjálfara, til að vera með fræðsluerindi á skipulagsdögum leikskólanna, annað hvort almenn erindi eða til að aðstoða starfsfólk leikskóla við umönnun ákveðinna barna.

Þetta samstarf hefur gengið vonum framár og komið vel út fyrir þá aðila sem vinna með börnin, sem og börnin sjálf.

Samskipti sjúkraþjálfara og leikskóla hafa aukist töluvert með betri viðkynningu þessara aðila.

Upplýsingaflæði hefur aukist og hefur starfsfólk leikskólanna nýtt sér þetta tækifæri til að ráðfæra sig við sjúkraþjálfara um mismunandi þætti í umönnun barna, t.d. hvað varðar hreyfingu og þroska, setstöðu, hjálpartæki o.fl. Starfsfólk leikskólanna er á einu máli um mikilvægi þessa samstarfs og hefur ítrekað tekið fram hve miklu máli það skipti að hafa upplýsingar frá fyrstu hendi sem og að vera vel upplýst um þá þjálfun sem á sér stað hjá sjúkraþjálfara.

Sjúkraþjálfurum hefur reynst vel að sjá börnin hreyfa sig í sínu daglega umhverfi og er þá mögulegt að sníða þjálfunina vel að því sem hentar þeim á hverjum tíma. Eins geta sjúkraþjálfarar nýtt sér þekkingu á aðstæðum barna til að meta þörf á hjálpartækjum í leikskólanum og jafnvel nýta betur þau húsgögn og tæki sem fyrir eru í leikskólanum.

Mörg barnanna, sem hlutu styrkinn, eru í annarri þjálfun samhliða sjúkraþjálfun, s.s. talþjálfun og iðjuþjálfun. Að auki eru læknisheimsóknir yfirleitt tíðari hjá þessum börnum en öðrum. Það léttir því undir með foreldrum barnanna ef hluti sjúkraþjálfunar fer fram í leikskólanum. Það dregur bæði úr fjarveru barnsins frá leikskólanum og fjarveru foreldra frá vinnu. Eins léttir það undir með foreldrum að sjúkraþjálfari og starfsfólk leikskóla séu í beinum samskiptum og geti rætt sín á milli einstök atriði hvað varðar aðstöðu og þjálfun án þess að foreldrar þurfi að hafa um það milligöngu í hvert skipti.


Eftir reynslu okkar af þessu samstarfi mælum við eindregið með að því verði haldið áfram. Það er börnunum, fjölskyldum þeirra og öðrum umönnunaraðilum til góða og vonum við að Hafnarfjarðarbær sjái sér fært um að styðja við bakið á þessu mikilvæga verkefni.

Virðingarfyllt,


Ágústa Sigurjónsdóttir, sjúkraþjálfari


Margrét Á. Þorvaldsdóttir, sjúkraþjálfari


Björg Guðjónsdóttir, sérfræðingur í barnasjúkraþjálfun


Sigurlaug Jónsdóttir, sjúkraþjálfari